

STARFSREGLUR

BEIÐNI UM ENDURMAT Á STARFSMATI

I. KAFLI

Endurmatsleið starfsmats

1. gr.

Beiðni starfsmanns skoðuð

Starfsmaður, sem unir ekki við staðfestar niðurstöður starfsmats, á rétt á því að fá fund með forstöðumanni stofnunar (eða þeim yfirmanni sem hann vísar á) að viðstöddum fulltrúa hlutaðeigandi stéttarfélags (trúnaðarmanni) til að fara yfir niðurstöður starfsmats á starfi sínu.

Forstöðumaður skal efna til þessa fundar innan 14 virkra daga frá því að skrifleg ósk þessa efnis er borin fram af starfsmanni, nema aðilar komi sér saman um aðra tilhögun.

2. gr.

Beiðni stofnunar skoðuð

Forstöðumaður, sem telur forsendur starfsmats ekki réttar, á sambærilegan rétt og starfsmaður skv. 1. gr.

Forstöðumaður skal, ef hann hyggst óska eftir endurmat á starfi, upplýsa þann eða þá sem gegna starfinu, um forsendur beiðni um endurmat. Skulu þeir halda með sér fund um málið þar sem aðilar lýsa sínum sjónarmiðum.

3. gr.

Beiðni um endurmat kynnt starfsmatsnefnd

Ef starfsmaður og/eða forstöðumaður telur eftir skoðun málsins að rökstutt tilefni sé til endurmats á niðurstöðu starfsmats, sameiginlega eða í sitt hvoru lagi, heimilt að leggja fram skriflega beiðni fyrir starfsmatsnefnd ásamt stuttum gagnorðum rökstuðningi og viðeigandi gögnum beiðni sinni til stuðnings, t.d. eldir og nýjar starfslýsingar

Starfsmaður getur leitað aðstoðar fulltrúa stéttarfélags til að útbúa beiðni um endurmat til starfsmatsnefndar.

Starfsmönnum í sama starfi skv. Ístarf flokkun er heimilt að leggja fram sameiginlega beiðni um endurmat á starfinu.

4. gr.

Form beiðni

Beiðni um endurmat starfs skal útbúa á þar til gerðu eyðublaði. Beiðni sem er ófullnægjandi um rökstuðning og gögn verður vísað frá og aðilum jafnframt leiðbeint um ágalla á beiðni.

Starfsmatsnefnd skal taka beiðni á dagskrá nefndarinnar innan 14 virkra daga frá því hún barst starfsmatsnefnd.

II. KAFLI

Málsmeðferð

5. gr.

Skilyrði endurmats

Frumskilyrði er að greina verður á milli þeirra þátta sem krafist er í starfinu og þeirra þátta sem starfsmaður innir af hendi umfram það sem starfið gerir kröfur um skv. ákvörðun stofnunar.

Starfsmatsnefnd ber að endurskoða niðurstöðu starfsmats ef:

1. Vísbendingar eru um að síðasta starfsmat á starfinu hafi verið rangt, t.d. vegna þess að það hafi verið flokkað með öðrum störfum sem eru að eðli og umfangi verulega ólík því starfi sem um ræðir.
2. Vísbendingar eru um að verulegar og viðvarandi breytingar hafi orðið á starfinu frá því að það var síðast metið, t.d. vegna nýrra verkefna sem bætt hefur verið við starfssvið eftir endurskipulagningu starfs eða vegna breytinga á löngu tímabili.
3. Aðrar brýnar málefnalegar ástæður sem sýnt er fram á að hafi haft umtalsverð áhrif á niðurstöður starfsmatsins.

6. gr.

Tilkynningarskylda starfsmatsnefndar

Starfsmatsnefnd skal tilkynna forstöðumanni viðkomandi stofnunar skriflega um að óskað hafi verið eftir endurmati á niðurstöðum starfsmats vegna starfs sem heyrir undir starfsemi stofnunarinnar, nema að ljóst sé að hann hafi fengið vitneskju um það fyrir fram.

Starfsmatsnefnd skal jafnframt tilkynna forstöðumönnum þeirra stofnana, sem að hafa starfsmenn starfandi í því starfi sem beiðni er komin fram um endurmat á, um fyrirliggjandi beiðni, nema að ljóst sé að þeir hafi fengið vitneskju um það fyrir fram.

7. gr.

Frekari rökstuðningur

Starfsmatsnefnd er skylt að óska eftir rökstuðningi starfsmanns eða forstöðumanns áður en hún tekur afstöðu til þess hvort endurmeta beri starf, sé það nauðsynlegt, til að upplýsa efnisatriði beiðnarinnar.

8. gr.

Ákvörðun starfsmatsnefndar

Starfsmatsnefnd tekur ákvörðun um endurmat starfs ef nefndin telur að skilyrðum til endurmats sé fullnægt.

9. gr.

Starfsreglur

Starfsreglur þessar eru settar skv. 17. gr. starfsreglna starfsmatsnefndar sammingsaðila um starfsmatskerfið SAMSTARF, sem starfar skv. ákvæðum kjarasamninga Reykjavíkurborgar, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, Eflingar–stéttarfélags og Kjarafélags Tæknifræðinga-félags Íslands.

10. gr.

Gildistaka

Starfsreglur þessar taka gildi 1. febrúar 2005.

Samþykkt, 12. nóvember 2004